

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 – 1991

1. október 1991

857

Nr. 460

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum vestan Kolbeinseyjar.

1. gr.

Frá kl. 16.00 1. október 1991 eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði vestan Kolbeinseyjar, sem markast af línnum dregnum um eftirgreinda punkta:

1. 67°20'N – 21°20'V
2. 67°15'N – 19°56'V
3. 67°25'N – 19°41'V
4. 67°00'N – 19°40'V
5. 67°00'N – 20°23'V
6. 66°51'N – 20°38'V
7. 66°51'N – 21°00'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Við gildistöku banns skv. 1. gr. fellur úr gildi reglugerð nr. 422 20. september 1991, um bann við rækjuveiðum vestan Kolbeinseyjar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. október 1991.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.